

SAMSTARFSSAMNINGUR GARÐABÆJAR OG FEBG

Garðabær, kt. 570169-6109, og Félag eldri borgara í Garðabæ, kt. 440294-2439 (FEBG) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning um heilsu- og líkamsrækt fyrir eldri borgara (60 ára og eldri) í Garðabæ.

1. Tilgangur og markmið

Með samningi þessum er kveðið á um gagnkvæmar skyldur samningsaðila um útfærslu á heilsu- og líkamsrækt FEBG. FEBG er sjálfstætt félag sem starfar skv. eigin lögum. Tilgangur og hlutverk félagsins er að gæta hagsmuna og réttinda eldri borgara í hvívetna og vinna að málefnum aldraðra í Garðabæ.

FEBG skal hafa það að markmiði að bjóða eldri borgurum upp á fjölbreytt heilsu- og líkamsræktarstarf undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem forvarnargildi hreyfingar og heilsuræktar er haft að leiðarljósi. Garðabær skal treysta fjárhagslegan rekstrar- og starfsgrundvöll félagsins með samkomulagi um afnot af aðstöðu í Jónshúsi, íþróttamannvirkjum bæjarins og með beinum fjárframlögum til félagsins.

Það er sameiginlegt markmið aðila að sú heilsu- og líkamsrækt sem boðið er upp á höfði til fjölbreytts hóps og að horft sé sérstaklega til fólks sem er í lítilli virkni.

2. Greiðslur til FEBG vegna verkefnis

Á gildistíma samningsins eru árleg fjárframlög Garðabæjar til FEBG allt að kr. 16.500.000.-. Innifalið í samningnum er styrkur vegna skipulags og umsýðingar með námskeiðum í heilsu- og líkamsrækt sem haldin eru á vegum félagsins.

3. Samskipti aðila um framkvæmd samnings og skipulag námskeiða

FEBG mun tilnefna aðila frá félaginu sem starfar með fulltrúa Garðabæjar (umsýðarmanni félags- og tómstundastarfs) að þróun og uppbyggingu námskeiða fyrir eldri borgara svo og að framkvæmd samningsins. Halda skal fundi a.m.k tvisvar sinnum á ári þar sem lagður er grunnur að samstarfinu og þeim námskeiðum sem fyrirhugað er að halda. Námskeiðin eru opin öllum eldri borgurum í Garðabæ.

Fulltrúi Garðabæjar tryggir að námskeiðin verði sett upp í viðeigandi skráningar- og greiðslukerfi (Sportable) og aðgengileg þeim einstaklingum sem vilja skrá sig á námskeiðin. Allar upplýsingar um breytingar eða nýjungar á sviði námskeiðahalds skulu berast til fulltrúa Garðabæjar.

4. Skyldur félagsins

Garðabær greiðir fjárframlag inn á reikning félagsins í samræmi við útlagðan kostnað félagsins vegna námskeiðahalds og annast þá félagið ráðstöfun greiðslna. Stjórn félagsins ber ábyrgð á rekstri félagsins og skuldbindur sig til að leggja fram gögn um fjárhagsleg málefni félagsins hverju sinni þegar eftir því er leitað að hálfu fulltrúa Garðabæjar.

FEBG skal skila rekstrareikningi í lok hvers árs, þar sem fram koma sundurgreindar upplýsingar um nýtingu fjármagns við námskeiðahald, þar með talið fjölda námskeiða, þátttakenda og útgjöld vegna þeirra. Garðabær gerir þær kröfur að leiðbeinendur séu með tilskilda þekkingu og/eða menntun í kennslu á námskeiðum. Samkomulag um greiðslur til leiðbeinenda er alfarið á vegum FEBG.

Félagið skal við framkvæmd samningsins huga sérstaklega að því að mæta þörfum eldri borgara um hreyfingu- og heilsurækt í samræmi við stefnu Garðabæjar í málefnum eldri borgara (2016-2026), Lýðheilsu- og forvarnarstefnu Garðabæjar og taka mið af jafnréttisáætlun Garðabæjar varðandi skipulag starfsins með þarfir og hagsmuni allra kynja í huga.

Aðilar á vegum FEBG svo sem leiðbeinendur og notendur mannvirkja sem eru í eigu Garðabæjar skulu sjá til þess að gengið sé vel um húsnæði og búnað og umgengnisreglur séu virtar. Þeim ber að tilkynna strax um það sem aflaga fer eða þarfnast viðgerðar til umsjónarmanns. Verði óhöpp eða slys þarf leiðbeinandi að fylla út slysaskýrslur í hverju mannvirki fyrir sig í öllum tilfellum.

5. Gildistími og endurskoðun


Samningur þessi gildir til 31.12.2024. Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á honum á samningstímanum.

Garðabæ, 27. febrúar 2023

f.h. Garðabæjar,


Almar Guðmundsson, bærarstjóri

f.h. Félags eldri borgara í Garðabæ,


Laufey Jóhannsdóttir, formaður